

Árni Gunnarsson:

Auðvitað mjög kátur og glaður

„ÉG ER auðvitað mjög kátur og glaður með þetta. Þetta fór vel fram og baráttan var drengileg. Ég er þakklátur þeim sem stuðluðu að þessu,“ sagði Árni Gunnarsson, alþingismaður, sem hlaut fyrsta sæti í prófkjöri Alþýðuflokksins á Norðurlandi eystra.

Árni sagði einnig: „Ég vona bara og treysti, að þessi útkoma segi þá sögu, að sú gerbreytta efnahagsstefna sem við boðuðum 1978 hafi komist til skila og sé enn í fullu gildi meðal fólksins. Fólk virðist átta sig á því að sú upplausn sem mér virðist ríkja í þjóðfélaginu býður upp á óstjórn og

þess vegna þurfi og beri að styrkja þá flokka sem vilja berjast fyrir gjörbreyttri efnahagsstjórn. Það er algjört grundvallaratriði og kemur á undan öllum hugleiðingum um formbreytingar á þjóðfélaginu, sem menn telja núna að sé einhver allsherjarlausn á skuldasöfnun upp á fleiri milljarða í útlöndum og verðbólguvandinum, sem er auðvitað algjört þvaður.

Auðvitað er það sjálfsagt réttlætsmál að breyta stjórnarskránni og kjördæmaskipaninni, en það eitt breytir engu um efnahagsvandann.“




Nýja sparisjóðshúsið á Ólafsfirði.

Morgunblaðið/Svavar

Sparisjóður Ólafsfjarðar í nýtt húsnæði

Ólafsfirði, 31. janúar. Í DAG opnaði Sparisjóður Ólafsfjarðar í nýrri byggingu að Aðalgötu 14 hér í bæ, eftir að hafa starfað að Brekkugötu frá 1928, en sparisjóðurinn var stofnaður árið 1914. Eldra húsnæðið var fyrir löngu orðið ófullnægjandi, enda hefur starfsemi vaxið og viðskiptin aukizt á síðustu árum.



Úr afgreiðslusalnum. Iðnaðarmenn voru enn að verki, þegar myndin var tekin.

Þetta er tveggja hæða hús með risi og kjallara, um 800 fermetrar. Húsið er glæsilegt og vandað, hannað af Haraldi Haraldssyni arkitekt frá Akureyri. Tréver hf. í Ólafsfirði sá um bygginguna, en byggingameistari var Vigfús Gunnlaugsson. Formaður stjórnar Sparisjóðs Ólafsfjarðar er Stefán B. Ólafsson, en sparisjóðsstjóri er Þorsteinn Þorvaldsson.

— Jakob



Páll Guðmundsson frá Húsafelli er einn hinna 58 ungu myndlistarmanna, sem sýna á Kjarvalsstöðum. Hér er hann við nokkur verka sinna, sem hann nefnir „Bændurnir í sveitinni“.

Ljós.: Emília Bj. Björnsdóttir.

Ungir myndlistarmenn á Kjarvalsstöðum:

„Það er málað hiklaust, og stundum nokkuð gróft“

— segir Einar Hákonarson um sýninguna

„VERKIN á þessari sýningu eru að sjálfsgöðu mjög fjölbreytileg, eins og eðlilegt er með svo mörg verk svo margra listamanna,“ sagði Einar Hákonarson stjórnarformaður Kjarvalsstaða í samtali við blaðamann Morgunblaðsins í gær. Þá var haldinn blaðamannafundur á Kjarvalsstöðum í tilefni sýningarinnar „Ungir myndlistarmenn“, sem opnuð verður á laugardaginn. „En þó sýningin sé svona fjölbreytileg,“ sagði Einar, „má þó sjá nokkur sameiginleg merki. Verkin eru mjög mörg í þeim flokki sem oft er kallaður „Nýja málverkið“, og minnr dálítilið á þýska expressionismann, sem var áberandi í Þýskalandi frá því

um 1920 og fram undir valdatíma Hitlers, 1936 eða svo.

Það er málað hiklaust, og ef til vill nokkuð gróft, en myndefnið er hins vegar úr öllum áttum. Hér er landslag og fólk, abstrakt, realískar myndir, og myndir með hreinan boðskap, þessu ægir öllu saman,“ sagði Einar. Eins og þegar hefur verið skýrt frá í Morgunblaðinu, verða sýnd verk eftir 58 unga listamenn, alls 171 verk. Auglýst var eftir verkum á sýninguna, og voru þessi valin úr meira en 400 verkum eftir 80 listamenn.

Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur sagði, að mörg athyglisverð verk væru á sýningunni, og

einnig væri skemmtilegt hve margir listamenn erlendis hefðu sent inn myndir. „Þetta er fólk sem hefur verið að afla sér lærdóms og hugmynda úti í heimi, og verk þeirra hafa ekki sést hér áður,“ sagði Þóra, „eða í mjög litlum mæli.“ Þóra sagði nýjung vera á þessari sýningu, að dagleigugjöld yrðu greidd til þeirra listamanna sem verk eiga á sýningunni, það væri nýjung, og kæmu Kjarvalsstaðir þannig til móts við kröfur myndlistarmanna í þeim efnum. Við opnun sýningarinnar mun Davíð Oddsson borgarstjóri flytja ávarp, og afhenda einum úr hópi þátttakenda ferðastyrk, sem viðurkenningu frá Reykjavíkurborg.

Rafmagn hækkar um 21,3% og heita vatnið um 18,5%

Fyrirtækin fóru fram á 28% og 32,2% hækkunir

GJALDSKRÁ Hitaveitu Reykjavíkur hækkaði um 18,5% í fyrradag og smásölugjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkaði um 21,3%. Fyrirtækin höfðu farið fram á talsvert meiri hækkunir, en að fengnum tillögum iðnaðarráðuneytisins ákvað gjaldskrárnefnd ríkisstjórnarinnar fyrrnefndar hækkunir.

Eins og fram hefur komið hækkar heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun um 29% nú um mánaðamótin. Sú hækkun felur í sér 16,5% kosnaðarauka hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en auk þess samþykkti gjaldskrárnefnd 4,8% hækkun smásöluverðs þannig að raforkuverðið hækkar

um 21,3%. Rafmagnsveita Reykjavíkur taldi hins vegar nauðsyn á 28% hækkun.

Hitaveita Reykjavíkur fór fram á 32,2% hækkun, en gjaldskrárnefnd samþykkti 18,5% hækkun. Iðnaðarráðuneytið lagði til 18,5% hækkun og féllst Gjaldskrárnefnd á þá tillögu. Í frétt frá ráðuneytinu segir, að í fyrra hafi gjaldskrá HR hækkað um 93%, eða 30% umfram verðlagshækkunir.

Vinumarkaðurinn 1981:

70% nýrra starfa í þjónustugreinum

Mestur samdráttur í bygginga- og mannvirkjagerð

VINNANDI Íslendingum fjölgaði um 1,9% milli árunna 1980 og 1981, samkvæmt nýlegu upplýsingariti Áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar. Meðaltekjur hækkuðu meira en verðlagsvísitölur milli þessara ára. Heildarlausnagreiðslur hækkuðu meira en þjóðarframleiðsla. Sjö af hverjum tíu nýjum störfum á þessu tímabili voru í þjónustugreinum: Verslun, samgöngum og þjónustustörfum. Atvinnuþátttaka var um 87 af hundræði en kvenna um 65 af hundræði. Atvinnuþátttaka fólks á eftirlaunaaldri er mun hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndum. Sama gildir um yngstu hópana á vinnumarkaðinum.

Fólksfjöldi á vinnufærum aldri — 15—74 ára — jókst um 1,8% milli þessara ára, úr 157.000 manns í tæplega 160.000 (talið frá desember til desember).

Mestur samdráttur í einstakri atvinnugrein milli þessara ára var í bygginga- og mannvirkjagerð, 197 ársverk, eða 1,9%. Þar næst í landbúnaði, 163 ársverk, eða 1,7%. Fjölgun var hins vegar hjá bönkum, tryggingum, þjón-

ustu við atvinnurekstur, eða 580 ársverk, þ.e. 10,4%.

Þróun í einstökum atvinnugreinum, mæld í ársverkum, var sem hér segir: Landbúnaður -0,3%, fiskveiðar +0,4%, fiskverkun +6,1%, iðnaður -0,1%, byggingarstarfsemi +1,9%, veitur (rafmagns-, hita- og vatnsveitur) +12,2%, verzlun +3,5%, samgöngur +7,2%, bankar og tryggingar +10,4%, þjónustustörf +0,3%.

Í aldurshópnum 15—74 ára er atvinnuþátttaka karla 86,8% og kvenna 64,7%. Á hinum Norðurlöndum var atvinnuþátttaka karla á bilinu 67% í Finnlandi til 78% í Noregi, en kvenna á bilinu 54% í Noregi til 63% í Svíþjóð.

Atvinnuþátttaka karla er nokkuð stöðug, um 90% á aldrinum 25—65 ára, en atvinnuþátttaka kvenna nær hámarki milli 40—50 ára aldurs.

Meðalaldur starfandi fólks í landinu á þessu tímabili var 37 ár, hæstur í landbúnaði, 43 ár, lægstur í fiskveiðum, 32 ár.

(Heimild: Vinnumarkaðurinn 1981, útg. Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar.)

Atvinnuþátttaka karla og kvenna árið 1981

